

Hverfisráð Hlíða

Ár 2018, þriðjudaginn. 8. maí, var haldinn 152. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 16:15. Viðstödd voru: Kristján Freyr Halldórsson. Eva Baldursdóttir, Sigfús Ómar Höskuldsson og Jón Finnbogason áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um umsóknir sem borist hafa vegna verkefnisins Hverfið mitt.
2. Lagðar fram umsóknir sem bárust í Hverfastjóð Reykjavíkurborgar.
Samþykkt að styrkja barna og unglingasvið Vals að fjárhæð 100.000 fyrir verkefnið félagslegur viðburður fyrir unglingsstelpur í val.
Samþykkt að styrkja Stein Kára Brekason að fjárhæð 200.000 fyrir verkefnið sirkus námskeið og skemmtanir á Klambratúni.
Samþykkt að styrkja barna og unglingasvið Vals að fjárhæð 100.000 fyrir verkefnið íþróttakeppni á milli hverfisskóla í Hlíðahverfi.
Samþykkt að styrkja íþróttafélagið Val að fjárhæð 400.000 fyrir verkefnið að opna íþróttahús hverfanna og bjóða uppá fjölbreytta heilsueflingu fyrir eldra fólk.
Samþykkt að styrkja Barnafestival að fjárhæð 187.000 fyrir verkefnið barnahátíðin kátt á klambra.
Samþykkt að styrkja Eddu Ýr Garðarsdóttur að fjárhæð 200.000 fyrir verkefnið suðurhlíðasæla.
Samþykkt að styrkja barna og unglingasvið Vals að fjárhæð 400.000 fyrir verkefnið íþróttaiðkunn fyrir börn af erlendum uppruna.
Samþykkt að styrkja Vinafélag Njálsgöturólós að fjárhæð 250.000 fyrir verkefnið efling leiksvæðis við Njálsgötu.
3. Lagt fram erindisbréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, dagsett 26.04.2018, tilvísun 2015040343, vegna mælinga á loftgæðum við leikskólana Björtuhlíð og Hlíð.
4. Lagt fram erindisbréf frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda á stöllum við Kjarvalsstaði, dagsett 17. apríl 2018.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráðið óskar eftir að aðgengi fyrir notendur hjólastóla við nýja stalla við Kjarvalsstaði verði bætt þannig að aðkoma allra verði tryggð inn á stallana bæði frá túninu og Kjarvalsstaðamegin. Ekki er gert ráð fyrir því í núverandi hönnun að aðkoma sé að svæðinu frá Kjarvalsstöðum. Afar mikilvægt að bæta úr því áður en verki lýkur. Hverfisráð óskar eftir viðbrögðum við erindinu.

5. Fram fer umræða um bætt aðgengi gangandi vegfarenda frá Snorrabraut yfir brúna yfir Miklubraut að Bústaðavegi við Hlíðarenda.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð óskar eftir tillögum að bættu aðgengi og öryggi fyrir gangandi vegfarendur sem eiga leið yfir mislægu gatnamótin yfir Hringbraut af Snorrabraut yfir að Bústaðavegi. Mikilvægt er að bregðast við sem allra fyrst áður en slys verða, í ljósi þess að umferð gangandi vegfarendum fer vaxandi.

Fundi slitið kl. 17:27

Kristinn Freyr Halldórsson

Sigfús Ómar Höskuldsson

Eva Baldursdóttir